

Októberbréf 2021

Uppfærsla á handbók/starfsáætlun og skóladagatali kemur nú heim með nemendum. Þessar skrár eru einnig aðgengilegar á heimasíðu skólans sem er komin í loftið á ný.

8. bekkur er búinn að vera á Reykjum og kemur heim 1. október eftir vikudvöl.

Við viljum minna foreldra á að sjá til þess að börnin séu klædd til útivistar, stefnum alltaf á að fara út a.m.k. 2x á dag. Við hvetjum foreldra einnig til að sjá til þess að börnin hafi inniskó í skólanum.

Nemendur munu fljótlega fara af stað með klósettpappírssölu og rennur allur ágóðinn af sölnunni til Ferðasjóðs nemenda.

- 1. okt kemur 8. bekkur heim frá Reykjum
- Foreldrasamtöl fara fram í fyrstu viku október
- 6. okt er starfsdagur. Enginn skóli
- 11. okt kemur Inga sálfræðingur
- 15.-16 okt er áætluð smiðjuhelgi hjá 8. og 10. bekk
- 23. okt er fyrsti vetrardagur
- Stefnum á langan dag eftir miðjan október

Afmælisbarn október er: Lukas (28)

Kveðjur Starfsfólk Laugargerðisskóla